

Framtalsnefnd úrskurðar kæru skattþegns innan 4 vikna, eftir að henni barst kæran **27**
í hendur, nema hún telji sig þurfa lengri frest til rannsóknar.

1. apríl

Skattþegn getur skotið úrskurði framtalsnefndar til fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

28

1. apríl

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag
fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverj-
um tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélög-
um, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Á eftir orðunum „ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna“ í lok 3.
mgr. 12. gr. laganna komi: og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

29

1. apríl

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og
húsagerðarsamþykktir í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir styrk, $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verk-
færa, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins